

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Vesturhlíð, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. mars 2022 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, dagsett 29. október 2019. Breytingin felur í sér að byggingarreitur á tjaldsvæði er stækkaður. Innan byggingarreits má reisa þjónustuhús sem má vera allt að 100 m² að stærð og ein hæð með risi. Baðhús og salerni eru í lokunarflokki A. Einnig er heimilt að reisa matartjöld í lokunarflokki B og palla fyrir gistitjöld í lokunarflokki C. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 11. mars 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. mars 2022